1 Lestu inn gögn af meðfylgjandi geisladiski

Taktu geisladiskinn og settu hann í geisladrif á tölvunni sem keyrir Soft-Log hugbúnaðinn.

Keyrðu Soft-Log og tengdu þig við Tel-Log tækið sem þú ætlar að nota kortin í.

Veldu **Prepaid Tel-Cards** laufið í Soft-Log og smelltu á það með **hægri músarhnappinum** til að opna valmynd þar sem þú getur valið **Import...** Bentu nú á geisladiskinn og veldu skrána sem á honum er til að Soft-Log lesi inn upplýsingar um kortin.

Þetta er **Activation Code** fyrir kortið sem er notaður í Soft-Log til að virkja kortið áður en hægt er að nota það!



Þetta er Key Code eða PIN númerið sem kortið fær eftir að það hefur verið virkjað og er tilbúið til notkunar.!



2 Farðu yfir allar stillingar, forsendur og verð

Verðgildi kortanna er fyrirfram ákveðið (t.d. kr.500) Til þess að kortin farið rétt inn í tækið þitt verður að passa að **Price pr. Unit** og **Markup Percent** (ef þú vilt nota álagningu) sé rétt stillt áður en þú fer í að virkja (Activate) kort. Þessar stillingar er hægt að skoða og breyta á **General** síðunni í **Tools->Options** glugganum.

Ágætt er að nota kr. 3,45 sem skrefagjald á Íslandi.



3 Virkjaðu (Activate) kortin fyrir notkun

Virkjaðu nú þau kort sem þú ætlar að selja og nota til þess að þau verði virk í Tel-Log tækinu.

Í **Prepaid Tel-Cards** laufinu velurðu kort til að virkja (veldu fleiri en eitt í einu með því að halda inni **Ctrl** takkanum þegar þú velur með músinni eða ýttu á Ctrl+A til að velja þau öll) og smelltu svo með **hægri músarhnappinum** yfir völdu kortin til að opna valmynd þar sem þú velur **Activate...** til að virkja kortin.



4 Kortin verða nú fyrir framgreiddir notendur

Þegar kort úr kortapakkanum hafa verið virkjuð eru þau orðin að notendum í tækinu þínu (**Key Codes**) og koma fram undir Key Codes laufinu í trénu í Soft-Log.

ATH Notaðu innri gjaldatöflur fyrir tækið þitt!

Þegar nota á fyrirframgreidd kort með Tel-Log tæki **VERÐUR** að notast við **innri gjaldatöflur** (Internal Tariff Tables). Þú finnur allt um innri gjaldatöflur í handbókinni með Tel-Log tækinu þínu (PDF skrá).

Leiðbeiningar um notkun

Tel-Card

Fyrirframgreidd símakort

LESTU þetta fyrst!

Lestu þessar leiðbeiningar vandlega áður en þú tekur upp Tel-Card kortin þín og ferð að nota þau!

Geisladiskurinn inniheldur skrá sem þarf að lesa inn í Tel-Log tækið þitt með Soft-Log hugbúnaðinum og kortin þarf að VIRKJA áður en hægt er að nota þau!

Athugaðu einnig að lesa þér til um INNRI GJALDATÖFLUR áður en þú byrjar að nota kortin. Tel-Log tækið verður að notast við innri töflur til að fyrirframgreidd kort virki í því!

© Rögg ehf.
Framleitt á Íslandi

ROGG CORPORATION